

AUGLÝSING

um fullgidingu Norðurlandasamnings um skrifstofur Ráðherranefndar
og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnar-
nefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 92 10. desember 1973 var fullgildingarskjal Íslands að samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, sem undirritaður var í Osló hinn 12. apríl 1973, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar, sem undirrituð var í Osló hinn 15. maí 1973, afhent utanríkisráðuneytinu í Osló hinn 20. desember 1973.

Samningurinn og viðbótarbókunin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. desember 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

28. desember 1973.

Nr. 26.

AUGLÝSING

um fullgildingu samkomulags um breytingu á Norðurlandasamningnum
frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði
um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 95 frá 20. desember 1973 var fullgildingarskjal Íslands að samkomulagi, sem undirritað var í Stokkhólmi hinn 20. nóvember 1973, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29 8. september 1931, afhent utanríkisráðuneytinu í Stokkhólmi hinn 28. desember 1973.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. desember 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um
breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg
einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásaðttar um, að 1., 9., 10. og 22. gr. í Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931,